

Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 2. maí 2024
Tilv.: 2404007

Efni: Umsögn Samkeppniseftirlitsins vegna frumvarps um ráðstöfun eignarhlutar ríkisins í Íslandsbanka hf. – 920. mál.

Samkeppniseftirlitið vísar til erindis frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dags. 18. apríl 2024, þar sem eftirlitinu er veitt færi á að koma að umsögn vegna frumvarps um ráðstöfun eignarhlutar ríkisins í Íslandsbanka hf., þskj. 1365, 920. mál á 154 löggjafarþingi.

Samkeppniseftirlitið þakkar fyrir tækifærið til að skila inn umsögn vegna málsins og vill vegna þess vísa til fyrri umsagna sinna um sama málefni frá [13. janúar 2021](#) og [3. mars 2022](#).

Lagði Samkeppniseftirlitið til að eftirfarandi yrði m.a. haft að leiðarljósi við sölu á Íslandsbanka:

- Að stefnt sé að sem fjölbreyttustu eignarhaldi aðila sem eru líklegir til að hafa að leiðarljósi langtímahagsmuni af traustum bankarekstri.
- Að kaupendur að stórum hlutum Íslandsbanka eigi ekki jafnframt hlut í keppinautum banks. Slíkt gæti skert hvata til innbyrðis samkeppni milli bankanna.
- Að kaupendur banks séu ekki mikilvægir keppinautar hans því slíkt gæti leitt til skerðingar á samkeppni á viðkomandi markaði/mörkuðum.
- Að kaupendur banks séu ekki umsvifamiklir viðskiptavinir banks því það skapar hættu á hagsmunaárekstrum. T.d. væri hætta á að slíkir aðilar nytu betri kjara og ættu greiðari aðgang að fjármögnun hjá viðkomandi banka en keppinautar þeirra (eigendanna). Þetta myndi einnig skapa augljósa hættu út frá fjármálastöðugleikasjónarmiði eins og hrúnið 2008 er til vitnis um.
- Að sala á hlut ríkisins í bankanum leiði að öðru leyti ekki til skerðingar á samkeppni. Stofnist t.d. til nýrra yfiráðna við sölu á eignarhlut kemur til kasta Samkeppniseftirlitsins að taka afstöðu til yfiráðanna í samrunamáli. Við undirbúning slíkrar sölu þyrftu stjórnvöld því að huga að því hvort í henni felist skerðing á samkeppni sem leitt geti til íhlutunar Samkeppniseftirlitsins, ógildingu samrunans eða setningu skilyrða.



Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Magnús Þór Kristjánsson